

Námskrá: Íslenska 6.bekk

Sú bekkjarnámskrá sem hér lítur dagsins ljós er grundvölluð á Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr.91/2008).

Hlutverk íslenskukennslunnar er víðtækt og margbrotið. Læsi hefur margvíslega merkingu og miðar íslenskukennsla að því að gera nemendur læsa á umhverfi sitt í heild hvort sem um ræðir fjölbreytta texta, myndræna uppsetningu, tákni eða stafrænt læsi. Nemendur bæta smátt og smátt við þessa færni sína auk þess sem þeir læra að nota tungumálið á margvíslegan hátt og öðlast færni í að tjá sig í ræðu og riti með tilliti til gagnrýnnar hugsunar. Íslenska er ein af grunnstoðum þess að nemendur nái góðum tókum á öðrum námsgreinum og hefur því sérstakt gildi innan skólans. Samþætting og námið í heild sinni leiðir til þess að gera nemendur að betri málnotendum og gerir þeim kleift að tjá sig um hin ýmsu mál á mismunandi hátt og vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Að nemendur öðlist færni í að afla sér þekkingar er að sama skapi eitt af meginmarkmiðum íslenskunnar samhliða því að hafa kost á að nýta sér lestur til ánægju.

Með nefndum grunnþáttum menntunar þá liggur leiðin að lykilhæfni sem hverjum og einum er ætlað að ná í lok 7. bekkjar. Lykilhæfni sem stefnt er að ná er í fimm flokkum: 1) tjáning og miðlun 2) skapandi og gagnrýnin hugsun 3) sjálfstæði og samvinna 4) nýting miðla og upplýsinga 5) ábyrgð og mat á eigin námi.

Tiltekinni lykilhæfni skal náð við lok 4. bekkjar. Í 6. bekk heldur vinnan áfram í skrefum upp í 7. bekk og til loka hans.

Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið við lok 6. bekkjar er að nemendur geti:

Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,

Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,

Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,

Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisni.

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið við lok 6. bekkjar er að nemendur geti:

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.

Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.

Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.

Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.

Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.

Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap.

Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.

Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

Námsþáttur: Ritun

Hæfniviðmið við lok 6. bekkjar er að nemendur geti:

Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.

Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.

Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.

Námsþáttur: Málfræði

Hæfniviðmið við lok 6. bekkjar er að nemendur geti:

Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.

Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.

Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.

Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.

Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.

Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Íslenska er mjög oft samþætt með öðrum greinum s.s náttúrufræði og samfélagsfræði. Þá þurfa nemendur að leita upplýsinga, túlka, endursegja og skrifa.</p> <p>Kennt er í lotum þar sem lögð er áhersla á mismunandi þætti íslenskunnar í nokkrar vikur í senn. Lesin er ein Íslendingasaga í styttri útgáfu og minnst ein nútímasaga. Auk þess lesa nemendur bókmenntir að eigin vali allan veturinn og eru hvattir til að lesa fjölbreytta texta eftir bæði íslenska og þýdda höfunda.</p> <p>Nemendur lesa uppáhalds barnabók foreldra sinna og kynna bókina og upplifun á bókinni fyrir samnemendum.</p> <p>Nemendur fara á 10 vikna námskeið þar sem lögð er áhersla á lesskilning og hugtakaskilning og ólíkar leiðir kynntar fyrir nemendum til að skilja ólíka texta.</p> <p>Nemendur skrifa texta að eigin vali í ritun og vinna út frá ákveðinni kennsluáferð sem kallast Skrifað í skrefum.</p> <p>Nemendur kynna ritunarverk sín á svokallaðri uppskeruhátíð en þeir undirbúa kynningu og flytja fyrir bekkjarfélaga sína en þannig eru þeir þjálfaðir í framsögn. Í allri ritunarkennslunni er lögð áhersla á að nemendur endurskoði texta sinn undir leiðsögn kennara og bæti þannig ritsmíðar sínar. Með því að nemendur gefi út ritunarverkin sín fær ritunin aukinn tilgang en nemendur setja verkin sín í bekkjarbókarsafn þar sem aðrir í árganginum geta lesið verkin. Nemendur eru hvattir til að sýna ábyrgð þegar þeir rita og nota þær reglur sem þeir hafa lært og eiga að kunna.</p> <p>Á miðstigi er lögð áhersla á nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Talað mál og hlustun er þjálfuð með upplestri, hlustun og skoðanaskiptum. Yfirmarkmið allrar íslenskukennslu er að</p>	<p>Brynhildur Þórarinsdóttir. 2004. <i>Egla</i>. Mál og menning, Reykjavík.</p> <p>Listi yfir norræna skáldsagnahöfunda</p> <p>Lestrarefni að eigin vali</p> <p>Lykill að lesskilningi Smellur 2</p> <p>Orðspor 2</p> <p>Málrækt 2</p>	<p>Nemendur eru metnir á fjölbreyttan hátt eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá grunnskóla.</p> <p>Þeir eru metnir jafnt og þétt yfir önnina. Þegar einkunn hefur verið gefin birtist hún á Mentor en þannig geta foreldrar fylgst betur með námsárangri barna sinna.</p> <p>Í ritun fá nemendur einkunn fyrir innihald, málfar, stafsetningu og vinnusemi. Þá fá þeir einkunn fyrir kynningu á ritunarverkefnum.</p> <p>Málfræðipekking nemenda verður könnuð með prófum og í verkefnum.</p> <p>Leitast verður við að meta sem fjölbreyttust verkefni í bland við próf þannig að haust- og vorannareinkunnin endurspegli sem best hæfni nemandans í íslensku.</p>

<p>gera nemendur að betri málnotendum. Þá er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Nemendur lesa heima til að viðhalda leshraða og lesskilning. Nemendur eru einnig prófaðir í leshraða og lesskilningi þar sem lögð eru fyrir þau þrjú leshraðapróf og tvö lesskilningspróf.</p>		
--	--	--

Nám, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur. Form námsmatsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. (Úr Aðalnámskrá grunnskóla bls.57 2013)